

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni

Samþykkt á fundi Íslenskukennara á Menntavísindasviði, 4. febrúar 2014

Íslenskukennarar á Menntavísindasviði fagna fram kominni tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni. Löngu tímabært er að Íslendingar setji sér ákveðna stefnu um stöðu íslensku í rafrænum heimi. Sömuleiðis þarf að tryggja að unnt sé að framfylgja stefnunni af fullri einurð þótt það kunni að kosta nokkurt fé. Stefna þessi þarf að einkennast af metnaði fyrir hönd tungumálsins og málnotenda, að íslenska verði gjaldgeng á öllum sviðum rafrænnar upplýsingatækni til jafns við önnur tungumál og að tryggt verði að íslenskumælandi almenn-ingur njóti þess ávinnings sem stafræn upplýsingatækni hefur í för með sér á flestum sviðum mannlífs.

Íslenskukennarar á Menntavísindasviði benda á að nú eru um það bil tveir áratugir síðan tölvur urðu algengar í skólum landsins. Allan þann tíma hefur notandaviðmótið verið á ensku. Á þeim tíma hafa um 100 þúsund ungmenni verið í skólakerfinu, frá grunnskóla til stúdentsprófs og verið alin upp við það að íslenska sé ekki gjaldgeng í rafrænu umhverfi, og þurfi ekki að vera það. Ef ungt fólk elst upp við að íslenska sé óþörf í rafrænu umhverfi er ólíklegt að það telji mikla þörf á að fylgja þeim háleitu markmiðum til framtíðar sem fjallað er um í greinargerð með þingsályktuninni.

Íslenskukennarar á Menntavísindasviði leggja sérstaka áherslu á að staða íslensks máls í stafrænni upplýsingatækni verði tryggð í skólum og öllu menntakerfi þjóðarinnar. Nauðsynlegt er að setja metnaðarfull markmið í ljósi þeirra möguleika sem fyrirsjáanlegir eru í framtíðinni, en ekki má heldur missa sjónar á að framfylgja markmiðum sem hafa verið sett og eru auðveldlega framkvæmanleg, hér og nú – ef vilji er fyrir hendi.

Hér er átt við að íslenskt notandaviðmót skuli ekki vera sjálfgefið í algengum hugbúnaði sem settur er upp í skólum og opinberum stofnunum. Mestu munar að langalgengasta stýrikerfi í tölvum landsmanna (Windows) og langalgengasti hugbúnaðarböggull (Office) skuli ekki vera sjálfkrafa með íslensku notandaviðmóti. Framleiðandi hugbúnaðarins, Microsoft, hefur gert ráð fyrir íslensku notandaviðmóti á Windows um árabíl (sjá til dæmis: <http://windows.microsoft.com/is-is/windows/language-packs#lptabs=win7>) og fyrir Office-búnaðinn allt frá þeirri útgáfu sem kennd er við árið 2003 (sjá <http://office.microsoft.com/en-001/downloads/office-language-interface-pack-lip-downloads-HA001113350.aspx>). Þar stendur íslenska jafnfætis fjölda annarra tungumála heimsins. Eini þrándur í götu innleiðingar íslensku í notandaviðmóti þessa algengasta hugbúnaðar í tölvum landsmanna eru Íslendingar sjálfir.

Lagt er til að Alþingi noti þetta tækifæri og beiti sér af einurð fyrir því að nú þegar verði íslenskt notandaviðmót tekið upp og gert sjálfgefið í öllum þeim hugbúnaði þar sem þess er kostur, í skólum og öðrum opinberum stofnunum. Þá fyrst er unnt að tala um að halda áfram inn í framtíðina – á íslensku.

Á fundinum voru: Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, Baldur Sigurðsson, Guðmundur B. Kristmundsson, Ingibjörg B. Frímannsdóttir, Kristján Jóhann Jónsson, Sigurður Konráðsson og Þórður Helgason.

Baldur Sigurðsson skráði og sendir með samþykki hópsins.